

19. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Vatnsskattur samkvæmt 14. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

20. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarfi í kaupúninu.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 2000.00 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Sektarféð rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Bolungarvíkur nr. 105 26. maí 1943 og breyting á þeirri reglugerð nr. 84 25. júlí 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

20. október 1969.

Nr. 225.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Hverfisgötu frá Lækjargötu að Klapparstíg og á bifreiðastæði á horni Rauðarárstígs og Hverfisgötu verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. október 1969.

Sigurjón Sigurðsson.